

BÆJARSTJÓRINN I BOLUNGARVIK



- BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐUR
- ADALSTRÆTI 12 • 415 BOLUNGARVIK
- SÍMI: 450 7000 • FAX: 450 7009
- NETFANG: ok@bolungarvik.is
- VEFFANG: www.bolungarvik.is

Alþing  
Erindi nr. P 126/1455  
komudagur 16. 3. 2001

SÍMI: 450 - 7000  
MYNDRITI: 450 - 7009

## FORSÍÐA Á SÍMBRÉFSSENDINGU

Mótakandi: **Sigríður Brynja.**

"Tónaðarnefnd alþingis".

Myndriti nr. 563- 0430

Síðufjöldi 12 m/forsíðu

Dagsetning: 15. mars 2001

Sendandi: **Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri**

Til upplýsinga.

**Sigríður Brynja.**

Sendi þér hér nokkur bréf er varða viðræður milli Viðræðuhóps F.V. og þriggja ráðuneyta er komu að mállnu, ásamt minnisblaði frá 3. febrúar 2001

Ég tel að afstaða sveitarfélaga á Vestfjörðum hafi komið skírt fram við undirritun samþykktar um breytingu á félagsformi O.V. yfir hlutafélag, og segi það allt um afstöðu þeirra.

Ef óskað er frekari upplýsinga mun ég veita þær svo sem óskað verður eftir.

Með bestu kveðjum.

Ó.K.

# ***Fjórðungssamband Vestfirðinga***

---



## **Fundur viðræðuhóps Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í Reykjavík 21. desember 2000**

### **Framlögð fundargögn:**

- \* Bréf stjórnarformanns Orkubús Vestfjarða frá 13. okt. 2000.
- \* Bréf þriggja ráðuneytisstjóra frá 7. nóvember 2000.
- \* Bréf Berglindar Ásgeirsdóttur, ráðuneytisstjóra frá 30. nóv. 2000.
- \* Bréf Fjórðungssambands Vestfirðinga um skipan viðræðuhóps dagsett 4. desember.
- \* Kynnt samantekt fyrirvara sem sveitarfélög hafa sett fram í umræðu um formbreytingu á félagsformi O.V.
- \* Bréf viðræðuhóps F.V dagsett 19. desember 2000



# ORKUBÚ VESTFJARÐA

Stjórnungráttur - Félagsformi  
Orkubú Vestfjarða

Stjórnungráttur  
Félagsformi  
Orkubú Vestfjarða

*Þ. Pálsson 17. Okt.  
D.K.*

Bolungarvíkurkaupstaður  
415 Bolungarvík

Ísafirði 13. október 2000

## Varðar breytingu á félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignafélagi í hlutafélag.

Viðræðunefndir ríkisvaldsins og sveitarfélaganna á Vestfjörðum um hugsanlegar breytingar á eignaraðild að Orkubúi Vestfjarða hafa komið saman á nokkrum fundum í sumar og haust.

Á þessum fundum hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignafélagi í hlutafélag strax, en ekki biða nýrra raforkulaga, sem eru í smíðum og munu væntanlega kveða á um að öll orkufyrirtæki skuli rekin sem hlutafélög.

Megintilgangur með þessari breytingu nú er að gera núverandi eigendum að Orkubúi Vestfjarða kleift að ráðstafa eignarhlut sínum í fyrirtækinu að vild.

Það er skoðun okkar að hér sé einungis verið að breyta félagsformi fyrirtækisins og öll önnur ákvæði laga um Orkubú Vestfjarða muni gilda fram að gildistöku nýrra raforkulaga.

Eignist ríkið meirihluta í Orkubúi Vestfjarða liggja fyrir yfirlýsingar um að:

- Stjórn fyrirtækisins verði í höndum heimamanna a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Starfsmannahald, rekstur og framkvæmdir verði með óbreyttum hætti a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Gjaldskrá Orkubúsins verði aðlöguð að gjaldskrá Rarik í áföngum.
- Eftir gildistöku nýrra raforkulaga verður horft til þess að efla starfsemi í orkugeiranum á Vestfjörðum fremur en að draga úr henni.

Viðræðunefndin leggur því til að sveitarstjórnin samþykki að breyta félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignafélagi í hlutafélag.

Fyrir hönd viðræðunefndarinnar með bestu kveðjum

Þorsteinn Jóhannesson  
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða

Móttakið 8. nóv. 2000  
Ólafur Kristjánsson



Bolungarvíkurkaupstaður  
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1389  
asifang: postur@ivr.sjtr.is  
veffang: http://www.sjtr.is/ivr

Reykjavík, 7. nóvember 2000  
Tilvísun : 99070037/21.030/pÖ

Í framhaldi af viðræðum um hugsanleg kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga í Orkubú Vestfjarða og ræð vísan til bréfs Þorsteins Jóhannessonar, formanns stjórnar Orkubús Vestfjarða, dags. 13. október 2000, til sveitarfélaga á Vestfjörðum um breytingu á félagsformi Orkubús Vestfjarða úr sameignarfélagi í hlutafélag, vilja fulltrúar viðræðunefndar ríkisins taka fram eftirfarandi:

Á fundi ríkisstjórnar hinn 10. október sl. var viðræðunefnd ríkisins (ráðuneytisstjórum félagsmála-, fjármála- og iðnaðaráðuneyta) heimilað í samningum við sveitarfélög á Vestfjörðum að ganga út frá því að heildarverðmæti OV sé 4,6 milljarðar kr. og að söluverðmætinu verði varið til þess að greiða niður skuldir sveitarsjóða á Vestfjörðum og til lausnar bráðavanda sveitarfélaganna í félagslega íbúðarkerfinu.

Í ljósi ofangreindrar samþykktar og að því tilskyldu að allar sveitarstjórnir á Vestfjörðum fallist á að breyta félagsformi Orkubúsins mun ríkisvaldið gera hverju einstöku sveitarfélagi tilboð í hlut þess í Orkubú Vestfjarða. Verðtilboðið mun miðast við eignarhluta hvers sveitarfélags í Orkubúinu, en það tekur mið af íbúafjölda 1. des. sl. Gagnvart þeim sveitarfélögum sem glíma við fjárhagsvanda vegna skuldastöðu sveitarsjóða og vanda vegna innlausna á félagslegum íbúðum, verður áskilið að fyrir liggi skuldbindandi aðgerðaáætlun til lausnar á vanda hvers sveitarfélags fyrir sig. Til grundvallar verða lagðar tillögur sem settar eru fram í áfangaskýrslu um félagslegar íbúðir á Vestfjörðum frá júní 2000. Þar er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem þurfa að lækka verð félagslegra íbúða í sveitarfélaginu geri það með framlagi úr sveitarsjóðum í samstarfi við Varasjóð.

Í viðræðum um sölu Orkubúsins hefur af hálfu Vestfirðinga verið lögð áhersla á að á gildistíma orkulaga nr. 58/1967 verði miðað við eftirfarandi atriði:

- OV starfi sem sjálfstæð eining.
- Gjaldskrá OV verði aðlöguð gjaldskrá RARIK í áföngum.
- Engum starfsmanni við OV verði sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og kaupa ríkisins á eignarhluta einstakra sveitarfélaga.
- Að stjórn OV skipi sem mest heimamenn.

- Kaupþilboð ríkisins standi óbreynt fram að gildistöku nýrra orkulaga gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki vilja selja hlut sinn í upphafi.


Ríkisvaldið er tilbúið að fallast á ofangreint.

Komi til sameiningar OV við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.


F.h. viðræðunefndar ríkisins,

  
Þorgeir Öryggsson,  
ráðuneytisstjóri Iónaðarráðuneytis.

Staðfest f.h. félagsmálaráðuneytis:

  
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstj.

Staðfest f.h. fjármálaráðuneytis:

  
Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstj.

Sett:

Árneshreppi.

Bolungarvíkurkaupstað.

Broddaneshreppi.

Bæjarhreppi.

Hólmavíkurhreppi.

Ísafjarðarbæ.

Kaldrananeshreppi.

Kirkjubólshreppi.

Reykholahreppi.

Súðavíkurhreppi.

Tálknafjarðarhreppi.

Vesturbyggð.



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Ólafur Kristjánsson, formaður  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 560 9100, Bréfatími 552 4804  
netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: <http://www.stjr.is/fel>

Reykjavík, 30. nóvember 2000

Tilvísun: FEL00110048/16-4200/HB/-

Visað er til bréfs þriggja ráðuneyta til sveitarfélaga á Vestfirðum dags. 7. nóv. s.l. Vegna viðbragða einstakra sveitarfélaga við bréfinu þykir ráðuneytinum rétt að taka fram eftirfarandi.

Með bréfi dags. 24. september 1999 óskaði nefnd á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga eftir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirrar hugmyndar að gera Orkubú Vestfjarða að hlutafélagi og að gengið yrði til viðræðna um eðlu í eignarhluta sveitarfélaganna í Orkubúinu.

Samþykkt ríkisstjórnarinnar 10. okt. s.l. ber að skoða sem viðbrögð við þessari ósk.

Þótt allir hlutadeigjandi aðilar samþykki að breyta Orkubúinu í hlutafélag liggur nú ekkert fyrir um það hvort af kaupum ríkisins á hlut einstakra sveitarfélaga verður. Það er að jálförgeðu háð fjálsu samkomulagi milli ríkisins og einstakra sveitarfélaga.

Af hálfu ríkisins verður lögð á það rík áhersla að í tengslum við slíka samninga verði fjárhag viðkomandi sveitarfélaga komið í það horf að þau séu fær um að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu í þágu íbúa byggðarlaganna á Vestfirðum.

Ráðuneytin eru reiðubúin til að taka þátt í þeim viðræðuhóp sem Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir ráð fyrir að komið verði á fót.

Rétt er að undirstrika sérstaklega að tilboð ríkisins er sett fram með fyrirvara um samþykki Alþingis. Mjög brýnt er að á allra næstu dögum liggi fyrir afstaða sveitarfélaganna á Vestfirðum til þess að breyta Orkubú Vestfjarða í hlutafélag.

F.h. viðræðunefndar ríkisins,

*Berglind Asgeirsdóttir*

Berglind Asgeirsdóttir

ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis.

# Fjórðungssamband Vestfirðinga



Félagsmálaráðuneytið  
b/t Berlind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstjóri  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Ísafirði 4. desember 2000.

## Efni: Skipun viðræðuhóps vegna samninga varðandi Orkubú Vestfirða.

Á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum sem haldinn var á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga á Ísafirði, laugardaginn 2. desember 2000, var samþykkt að skipa fimm manna viðræðuhóp af hálfu sveitarfélaganna til viðræðna við ríkisvaldið um stöðu þá sem komin er upp vegna umræðu um breytingu á félagsformi O.V. úr sameignarfélagi í hlutafélag.

Eftirfarandi voru tilnefndir:

Ágúst Kr. Björnsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.  
Guðni G. Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.  
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.  
Jón Gunnar Stefánsson, bæjarstjóri, Vesturbyggð.  
Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Bolungarvíkurkaupstaðar.

Á nefndum samráðsfundi voru til umræðu bréf stjórnarformanns O.V. frá 13. október 2000, minnispunktar frá fundi sveitarfélaga með ráðuneytismönnum þriggja ráðuneyta í Reykjavík 3. nóvember 2000, bréf ráðuneytanna frá 7. nóvember og bréf Berlindar Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá 30. nóvember 2000.

Ljóst er að öll sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt breytingu á félagsformi O.V. í hlutafélag. Á samþykktum sveitarfélaganna má sjá að þau vilja nálgast viðfangsefnið af varkárni. Mun viðræðuhópur F.V. kynna afstöðu vestfirskra sveitarfélaga á væntanlegum viðræðufundi.

Viðræðuhópur F.V. fagnar þeim yfirlýsingum sem fram koma í bréfi þriggja ráðuneytisstjóra frá 7. nóvember 2000, þar sem lýst er m.a. yfir að ríkisvaldið er tilbúið að fallast á eftirfarandi:

- O.V. starfi sem sjálfstæð eining.
- Gjaldskrá O.V. verði aðlöguð gjaldskrá RARIK í áföngum.
- Engum starfsmanni við O.V. verði sagt upp störfum vegna breytingar á félagsformi fyrirtækisins og kaupa ríkisins á eignarhluta einstakra sveitarfélaga.
- Að stjórn O.V. skipi sem mest heimamenn.
- Kauptilboð ríkisins standi óbreytt fram að gildistöku nýrra orkulaga gagnvart þeim sveitarfélögum sem ekki vilja selja hlut sinn í upphafi.

***Komi til sameiningar O.V. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinada fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum.***

Viðræðuhópurinn leyfir sér því að líta svo á – eftir viðbrögð einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum við bréfi þriggja ráðuneyta frá 7. nóvember sl. og bréfi Berglindar Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra frá 30. nóvember sl. – að allir samningar taki mið af frjálsum samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, komi til kaupa ríkisins á eignarhluta sveitarfélaga í O.V.

Viðræðuhópurinn f.h. vestfirskra sveitarfélaga óskar eftir viðræðum við félagsmálaráðuneytið um næstu skref, vinnulag og hugmyndir ráðuneytisins um hvernig staðið verður að væntanlegum samningum.

F.h. viðræðuhópsins

  
Olafur Kristjánsson



**FYRIRVARAR EINSTAKRA SVEITARFÉLAGA Á VESTJFÖRÐUM VEGNA FORMBREYTINGA Á EIGNARHALDI ORKUBÚS VESTFJARÐA.**

- Ráðstöfun söluandvirðis Orkubús Vestfjarða – ef til sölu kemur - verði án skilyrða af hálfu stjórnvalda.
- Einungis sé verið að breyta félagsformi O.V. og öll ákvæði laga um O.V. muni gilda fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Ákvæði í samningi ríkisins og sveitarfélaga um yfirtöku ríkisjóðs á langtímalánum O.V. sbr. samning frá 13. júlí 1989 verði ekki framfylgt.
- Sala á eignarhluta O.V. hafi ekki áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til sveitarfélaganna.
- Öll sveitarfélög sitji við sama borð varðandi sölu á sínum hlut í Orkubúinu.
- Stjórn fyrirtækisins verði í höndum heimamanna, a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Starfsmannahald, rekstur og framkvæmdir verði með óbreyttum hætti, a.m.k. fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Gjaldskrá Orkubúsins verði aðlöguð að gjaldskrá Rarik í áföngum.
- Eftir gildistöku nýrra raforkulaga verði horft til þess að efla starfsemi í orkugeiranum á Vestfjörðum fremur en að draga úr henni.
- Fyrir liggja tilboð stjórnvalda til allra sveitarfélaga um kaup á þeirra hlut í O.V. á ákveðnu verði áður en til formbreytingar kemur og að það tilboð gildi fram að gildistöku nýrra raforkulaga.
- Rætt verði um meðferð söluhagnaðar – ef til sölu kemur - á eignarhluta sveitarfélaganna í O.V. með tilliti til skattalaga.
- Ef til sölu á eignarhluta sveitarfélaganna kemur, mun hvert og eitt sveitarfélag ráðstafa andvirðinu með sem hagkvæmustum hætti, til að lækka skuldabyrði sína og blása þannig til nýrrar sóknar á öllum sviðum, svo það geti enn betur sinnt skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins og gert það að eftirsóknarverðum búsetukosti.

**Hvað varðar félagslega íbúðakerfið er rétt að undirstrika eftirfarandi:**

- Vestfirsk sveitarfélög eru reiðubúin í viðræður við stjórnvöld um vanda vanda félagslega íbúðakerfisins, en þeim viðræðum verði ekki blandað inn í umræðuna um málefni Orkubúsins, enda er sá vandi á landsvísu og á því ekki að tengjast samningum varðandi málefni Orkubús Vestfjarða á nokkurn hátt.
- Ef sveitarfélög kjósa að selja sinn hlut í O.V. verði það án skilyrða af hálfu stjórnvalda um greiðslu lána í félagslega íbúðerfinu, utan þess sem augljóslega eru vanskil og ekki er ágreiningur um.
- Ekki verði teknir fjármunir af söluvirði Orkubúsins til að færa almennt niður verð á íbúðum í félagslega kerfinu á Vestfjörðum.

# Fjórðungssamband Vestfirðinga



Félagsmálaráðuneytið  
Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytissjóni  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík

Bolungarvík 19. desember 2000

## Málefni Orkubús Vestfjarða.

Viðræðuhópur Fjórðungssambands Vestfirðinga (F.V.) kom saman til fundar á Ísafirði. laugardaginn 16. desember sl. þar var farið yfir efnisatriði fundar frá 12. desember sl. með fulltrúum þriggja ráðuneyta. Sá fundur var upplýsandi fyrir viðræðuhóp F.V. því hreinskiptin umræða upplýsti ýmis atriði sem áður voru óljós Það er skilningur viðræðuhóps F.V. að ráðuneytissjórnarnir séu bundnir af samþykkt ríkisstjórnarmálarinnar frá 10. október 2000 sem kynnir er í bréfi til sveitarstjórna á Vestfjörðum 7. nóvember 2000.

Viðræðuhópur F.V. hefur með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 4. desember sl. fagnað jákvæðum yfirlýsingum sem fram koma í bréfi ráðuneytanna frá 7. nóvember sl.

Hins vegar hefur margoft komið fram að ekki er fallist á að blanda saman væntanlegri sölu á eignarhluta sveitarfélaganna í O.V. við lausn á vanda félagslega íbúðakerfisins. a.m.k. ekki með þeim hætti að teknir verði fjármunir af söluandvirði til að færa niður bókfært verð innlausnaríbúða að markaðsverði. Á þessu þarf að finna farsæla lausn sem tekur heildstætt á vanda sveitarfélaga vegna innlausnaríbúða


Nefnd á vegum félagsmálaráðuneytis sem skipuð var nýverið fékk m.a. það verkefni að ganga frá tillöggerð í framhaldi af skýrslu um félagslegar íbúðir á Vestfjörðum frá júní 2000. Það er álit viðræðuhópsins að æskilegt sé að nefndin hradí störfum og skili tillögum sem fyrst þær tillögur taka væntanlega á aðgerðum sem sveitarfélög í landinu geta almennt unnið eftir.

Enginn ágreiningur er gerður af hálfu viðræðuhópsins um greiðslu vanskila, slíkt er sjálfsagt mál. Þá er tekið undir að þau sveitarfélög á Vestfjörðum sem glíma við fjárhagsvanda vinni aðgerðaráætlun í samstarfi við félagsmálaráðuneytið um hvernig ráðstafa skuli fjármunum er koma fyrir sölu O.V. þannig að þeir nýtist með sem bestum hætti.

Tekið er undir bréf ráðuneytissjóra félagsmálaráðuneytisins frá 30. nóvember sl. þar sem segir m.a.: „Af hálfu ríkisins verður lögð á það rik áhersla að í tengslum við slíka samninga verði fjárhag viðkomandi sveitarfélaga komið í það horf að þau séu fær um að gegna þjóðingarmiklu hlurverki sínu í þágu þua byggðarlaganna á Vestfjörðum.“

Viðræðuhópurinn vonast til að samkomulag náist um ofanritað milli aðila sem fyrst þannig að hægt verði að ganga til frekari samninga.

Virðingarfyllt,  
F.h. viðræðuhóps F.V.

  
Ólafur Kristjánsson

Sigríður Brynjón  
 Sæði þitt heit minnstað  
 þum við sendum þín. skellur  
 til Lögmannsáttugasins (Lögmanns Bl. löggj.)

**Samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaga á Vestfjörðum.**

*D.K.*

Athugasemdir frá Viðræðunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna Orkubús Vestfjarða.  
 Laugardaginn 3. febrúar 2001.

1. gr.

Engar athugasemdir.

2. gr.

Engar athugasemdir.

3. gr.

Á fundi með fulltrúum úr bæjarstjórn Vesturbyggðar í dag kom fram alvarleg athugasemd við þessa grein. Bæjarstjórn Vesturbyggðar krefst þess að miðað verði við íbúatölu 1. desember 1999 en ekki 1. desember 2000 því kynning fyrri viðræðunefndar byggði á því að miðað yrði við 1. desember 1999.

Viðræðunefndin meðtók meðfylgjandi texta sem lagður var fram á fundinum á Bíldudal af Hauki Má Sigurðssyni Vesturbyggð. Textinn hljóðar svo: „Viðauki gerður við fyrirbyggjandi samningsdrög:

Viðauki:

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. samþykkja sveitarfélög á Vestfjörðum að eignarhluta þeirra verði skipt miðað við íbúatölu sveitarfélaganna hinn 1. des. 1999.“

4. gr.

Engar athugasemdir.

5. gr.

Engar athugasemdir

6. gr.

Nauðsynlegt er að senda út fyrir hádegi mánudaginn 5. febrúar n.k. endanlegt samkomulag og drög að frumvarpi sem kveðið er á um að sé fylgiskjal með samkomulaginu. Fram hefur komið athugasemd við orðalag þessarar greinar. Taki drögin að frumvarpinu verulegum efnislegum breytingum í meðferð Alþingis er áskilinn réttur til endurskoðunar samkomulagsins.

7. gr.

Misskilja má 3. mgr. þar sem segir: „Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. skal aðlöguð gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins í áföngum.“

Hér er óskað eftir orðalagsbreytingu í þá átt að um heimildarákvæði verði að ræða. Ekki er víst að þörf sé á að aðlaga gjaldskrá OV hf. að gjaldskrá RARIK.

8. gr.

Ábending kom fram um að hér þyrfti að koma inn að ekki yrði dregið úr þjónustu við dreifðar byggðir og að starfsemi orkugeirans skuli efla á Vestfjörðum en ekki draga úr þeirri starfsemi.

9. gr.

Óskað er eftir orðalagsbreytingu sem hljóði svo: „Sameignarfélagar eru sammála um að virði Orkubús Vestfjarða sé 4,6 milljarðar og skal ríkissjóður skuldbundinn að kaup hlut sveitarfélaganna miðað við fyrrgreint virði fram til 1. júlí 2002, ef þau ákveða að selja sinn hlut.

Annað:

Það er skilningur viðræðunefndarinnar að Orkubú Vestfjarða hf. yfirtaki alla samninga og skuldbindingar sem Orkubú Vestfjarða hefur gert og þeir haldi fullu gildi sínu. Dæmi um slíka samninga er samningur um nýtingu jarðhita í landi Kletts Reykhólahreppi í júní 1993, samningur vegna Hitaveitu Reykhóla og vegna afhendingar á heitu vatni þar sem það á við. Þessi upptalning er ekki tæmandi, aðeins er hér um nokkur dæmi að ræða.

Þá er óskað staðfestingar á að ef til sölu kemur á eignarhluta sveitarfélaga í OV verði ekki um skattlagningu vegna sölunnar að ræða.

Viðræðunefndin vakti athygli sveitarstjórnarmanna á því að skv. upplýsingum Guðjóns A. Guðjónssonar í iðnaðarráðuneyti verður ekki gert að skilyrði skv. nýjum orkulögum, að orkufyrirtæki landsins verði gerð að hlutafélögum. Ef ríkisvaldið telur að þetta atriði þurfi að koma fram í samkomulaginu er óskað eftir að það verði sett þar inn.

F.h. Viðræðunefndar FV.  
Ólafur Kristjánsson  
Halldór Halldórsson